

Framboð til kirkjupings

Bryndís Malla Elídóttir

1. kjördæmi vígðra
Reykjavíkurkjördæmi

Það er bjart yfir Þjóðkirkjunni nú á vordögum. Safnaðarstarfið hefur verið í miklum blóma í vetur og góð þátttaka verið í starfinu. Auðfundinn er sá meðbyr sem nú er með Þjóðkirkjunni þar sem jákvæð umfjöllun á því öfluga starfi sem kirkjan býður upp á hefur gefið aukinn kraft inn í starf og þjónustu kirkjunnar. Kirkjuping hefur einnig fundið fyrir þeim meðbyr og lauk nýliðnu kjörtímabili í góðum og jákvæðum anda.



Ég hef notið þess að starfa á kirkjupingi síðustu tvö kjörtímabil og með því tekið þátt í að móta þær miklu breytingar sem orðið hafa á ytra skipulagi Þjóðkirkjunnar frá því að ný lög um Þjóðkirkjuna voru samþykkt á Alþingi þann 1. júlí 2021. Í kjölfar nýrra laga var nýtt skipurit um Þjóðkirkjuna samþykkt á kirkjupingi sem ég vann að ásamt góðu samstarfsfólki á þinginu. Auk þess sem starfsreglur hafa verið einfaldaðar og uppfærðar í samræmi við breytta stöðu kirkjunnar. Löggjafarnefnd kirkjupings fjallar um lög og starfsreglur kirkjunnar og það hefur verið mér mikil ánægja að starfa í löggjafarnefndinni. Frá 2018-2022 var ég varaformaður nefndarinnar og formaður hennar frá 2022-2026 og hef lagt ríka áherslu á samtal og virka samvinnu.

Ég hef brennandi áhuga á lögum, starfsreglum og kirkjurétti í breiðum skilningi þess hugtaks og hef lagt mig fram um að setja mig vel inn í allt regluverk kirkjunnar. Það sem mér finnst skemmtilegast að sjá er þegar augljóst er að reglurnar þjóni hinu öflugra starf Þjóðkirkjunnar svo það megi blómstra um allt land.

Markmið kirkjupings, sem fer með æðsta vald í málefnum Þjóðkirkjunnar, er að binda svo um hnútana að Þjóðkirkjan geti sinnt köllun sinni hér í heimi, að vera lifandi samfélag sem boðar trú á hinn

krossfesta og upprisna frelsara í orði og verki. Allar ákvarðanir kirkjupings verða að miða að því að ramminn sé skýr með lögum, regluverki og fjármagni svo hægt sé að boða fagnaðarerindið á fjölbreyttan hátt eftir staðháttum og áherslum sóknanna. Þjóðkirkjan er fjöldahreyfing þar sem kærleikskrafturinn ber okkur áfram í þeim lýðræðisanda sem einkenna á kirkjuna.

Undir lok liðins kjörtímabils var mikil umræða á kirkjupingi um hvernig efla megi enn frekar lýðræði innan þjóðkirkjunnar ekki síst þegar kemur að kosningum til kirkjupings og til biskupsembætanna. Þó ekki hafi náðst niðurstaða í þeim efnum var umræðan góð og henni verður vonandi framhaldið á komandi kjörtímabili. Ég er tilbúin að leggja þar mitt af mörkum fái ég til þess umboð í komandi kosningu. Einnig væri það mér mikil ánægja að fá að vinna eitt kjörtímabil í viðbót að góðum málum á kirkjupingi og regluverki kirkjunnar því enn tel ég að einfalda megi ýmsar starfsreglur og heimfæra þær betur til samræmis við þá þjóðkirkju sem horfir björtum augum til framtíðar, stolt af arfleifð sinni og erindi til samtímans.

Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að þjóna sem prestur í margvíslegum störfum í yfir þrjátíu ár bæði í sveit og borg. Lengst af hef ég þjónað í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra bæði sem héraðsprestur í Breiðholtskirkju og prestur Seljakirkju áður en ég tók við sem prófastur og héraðsprestur þann 1. apríl 2022.

Á árunum 2000-2004 átti ég sæti í stjórn Prestafélags Suðurlands og var í stjórn Prestafélags Íslands frá 2015 til 2021, fyrst sem ritari og síðar sem varaformaður. Þá var ég í ritstjórn Kirkjuritsins 2009-2011. Ég hef sótt mér fjölbreytta endurmenntun í gegnum tíðina, m.a. á sviði mannauðsmála, sálgæslu, guðfræði, sálfræði, bókmennta og verkefnastjórnunar.

Í öllum störfum mínum á kirkjupingi hef ég ávallt haft í huga það erindi sem kirkjan stendur fyrir. Kirkjuping er í þjónustu þjóðkirkjunnar og allt fjármagn, lög og starfsreglur, samþykktir og stefnumál verða að styðja við starf og boðun kirkjunnar. Það er eina hlutverk kirkjupings og ef einfalda má umgjörð þess en efla um leið almenna þátttöku í starfi kirkjunnar og kosningum mun ekki standa á mér að reyna að hafa þar áhrif til góðs. Von mín er sú að kirkjuping megi á nýju kjörtímabili vinna áfram í átt að farsælum umbótum þjóðkirkjunnar til handa þar sem skýr stefnumótun og framtíðarsýn ásamt ábyrgri stýringu fjármagns og einföldu regluverki gefi þjóðkirkjunni enn styrkari stoðir til þess að vera biðjandi, boðandi og þjónandi.

Það er bjart framundan, kosningar á næsta leiti, njótum þess að taka þátt í kosningunum og finna blessun Guðs í öllum okkar störfum.